

Fundargerð 990. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 5. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hennar á fundinn.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hátæknibrennsla - 2509260SA

Lögð fram að nýju drög að samningi milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um stuðning við uppbyggingu hátæknibrennslustöðvar á Íslandi. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs gerði grein fyrir málinu. Málið var tekið fyrir á 989. fundi stjórnar þann 14. nóvember sl.

Stjórn samþykkir framlagðan samning.

Fundi var slitið kl. 14:00